

Siglufirði, 13. júní 2022.

Bæjarráð Fjallabyggðar,  
Guðjón M. Ólafsson formaður.

### **Erindi vegna leyfis til skotveiði á Siglufirði.**

Við undirritaðir viljum vekja athygli á eftirfarandi:

Fyrir um mánuði gerðum við samning við Fjallabyggð um dúntekju og nýtingu með tilteknum varpsvæðum í Siglufirði. Þar stendur í 1. gr.:

*„Þá annast nýtingaraðilar almennt eftirlit og umsjón með varpsvæðum þeim sem samningur þessi tekur til.“*

Um er að ræða Langeyrarsvæðið vestan Langeyrarveggar og umhverfi Siglufjarðarflugvallar.

Við teljum okkur hafa haft mikil áhrif á það hvernig eitt mesta fuglalíf við þéttbýli á Íslandi hefur þróast á síðustu áratugum — án þess að þörf væri yfirleitt á skotvopnum. Aðeins þó í baráttu við ref og mink sem er nær árviss og vert er að taka það fram að það er utan bæjarmarkanna. Aðrar varnir, t.d. fuglahræður, eru mun áhrifameiri í varplöndum en takmarkalaus beiting skotvopna.

Við viljum minna á að milljónir fuglaáhugamanna ferðast milli landa til að skoða og ljósmynda fugla, og að einkunnarorðin *Fjallabyggð - við tökum vel á móti þér* samræmist varla hömlulítili meðferð skotvopna innan kaupstaðarmarkanna eða á öðrum stöðum í firðinum. Eða er það kannski myndin og boðskapurinn sem bæjaryfirvöld vilja að ferðamenn taki með sér héðan?

Einnig má minna á að á Leirutanga eru athafnasvæði fyrirtækja og að með vönduðum göngustígum eru sjálfir heimamenn hvattir til útivistar þar, enda um að ræða fólkvang. Og undirbúningur hefur verið lagður þar að nýju tjaldsvæði bæjarins. Hvernig þetta á að geta farið saman er okkur með öllu óskiljanlegt.

Þá verður það að teljast vafasamt, að sá sem skotleyfi fær hjá Bæjarráði velji einn og sér þær tegundir sem hann kallar vargfugl. Í því sambandi má minna á gildandi lög um fuglavernd og að hér um slóðir eru svartbakur, hvítmávur og bjartmávur orðnir mjög sjaldséðir — og svartbakur og hvítmávur þar að auki á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands og eru flokkaðir þar sem tegundir í hættu.

Hér verður því að fara varlega.

Vandinn sem steðjar að við löndun fiskjar í höfninni vegna offjölgunar hettumáva og silfur máva verður hins vegar ekki leystur nema með öðrum ráðstöfunum en við bendum á.

Þá mætti t.d. spyrja hvort lögregla ætti að vera nærstödd komi til þessarar skotveiði eða er þetta e.t.v. mál heilbrigðiseftirlits? Allt að einu hlýtur einhver á vegum